



Skotfélag Reykjavíkur
Engjavegi 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2021
Tilvísun: 2021090359

Efni: Stöðvun starfsemi - úrskurður ÚUA

Með úrskurði, dags. 24. september 2021, felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 11. mars 2021 um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur á skotvelli félagsins í Álfsnesi. Starfsleyfi félagsins fyrir framangreindri starfsemi er því ekki gilt og starfsemin þar af leiðandi óheimil, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Skotfélagi Reykjavíkur ber því að stöðva starfsemi á skotvelli félagsins í Álfsnesi þegar í stað.

Úrskurður úrskurðarnefndarinnar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis getur hver sá sem telur stjórnvald eða einkaaðila sem fengið hefur stjórnsýsluvald hafa beitt sig rangindum borið fram kvörtun við umboðsmann.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri umhverfiseftirlits

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:
Úrskurður ÚUA í máli nr. 51/2021.